



Föstudagurinn 10. febrúar 2006

Ákvörðun nr. 6/2005

Samruni Saga film hf. og Storm ehf.

1.

Með bréfi, dags. 26. október 2005, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt að gerður hefði verið samningur milli Saga film hf. og hluthafa í Storm ehf. um kaup Saga film á öllu hlutafé í Storm. Segir að kaupverðið hafi verið greitt með afhendingu á 50% af heildarhlutafé Saga film eftir að það hefði verið aukið um 100% eða úr [...] ¹ kr. í [...] ² kr. Bréfinu fylgdi samrunaskýrsla, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.³ Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 9. október 2005, auk ársreikninga Storm fyrir árið 2004 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu fyrirtæksins.⁴ Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 23. nóvember 2005, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Þá var með bréfinu einnig óskað ýmissa tölulegra upplýsinga frá samrunaaðilum. Sambærilegra upplýsinga hefur einnig verið aflað frá keppinautum samrunaaðila.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að Saga film framleiði kvikmynda-, sjónvarps- og auglýsingaefni auk þess sem fyrirtækið leigi út tæki. Storm framleiði einnig sjónvarpsþætti og auglýsingar en hafi auk þess sérhæft sig í atburðastjórnun (e. event).⁵ Þá segir að markmið samrunans sé að „*styrkja Saga film sem öflugt og sjálfstætt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á kvikmyndum, auglýsinga- og sjónvarpsefni, auk atburðarstjórnunar.*“ Í tilkynningunni kemur fram að með samruna Saga film og Storm verði til öflugt fyrirtæki sem eigi möguleika á að sækja á erlenda markaði en þar séu mikil sóknarfæri að mati samrunaaðila.

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

⁴ Ársreikningar Saga film bárust Samkeppniseftirlitinu með tilkynningu um samruna Saga film og 365 ljósvakamiðla.

⁵ Með atburðarstjórnun er átt við umsjón með ýmsum uppákomum, s.s. kynningu á tilteknum viðburðum frá a til ö. Dæmi um verkefni sem fellur undir atburðastjórnun er umsjón með Idol-stjörnuleit verkefninu hjá Stöð 2.



3.

Áður en tekin verður efnisleg afstaða til þess samruna sem hér um ræðir er að mati Samkeppniseftirlitsins nauðsynlegt að gera stuttlega grein fyrir helstu niðurstöðum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005 frá 17. nóvember sl. þar sem fjallað var um kaup 365 ljósvakamiðla ehf. á Saga film en segja má að sú yfirtaka tengist nokkuð þeim samruna sem hér er til umfjöllunar. Í umræddri ákvörðun kemst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að staða Saga film á þeim markaði sem fyrirtækið starfaði á sé mjög sterk og fyrirtækið hafi um langt árabil verið leiðandi við framleiðslu á kvikmyndum, sjónvarpsefni og auglýsingum. Þá sé staða 365 ljósvakamiðla á héraendum sjónvarpsmarkaði sterk en fyrirtækið hefur m.a. yfir að ráða miklu af eftirsóknarverðu efni fyrir sjónvarpsáhorfendur, s.s. kvikmyndum sem framleiddar eru í Hollywood, vinsælum íþróttaviðburðum og nokkrum fjölda vinsælla sjónvarpsþátta.⁶ Að mati Samkeppniseftirlitsins þótti ljóst að þau lóðréttu tengsl sem myndu verða á milli þessara tveggja öflugra fyrirtækja á þeim mörkuðum sem þau starfa á hefðu þau áhrif að staða minni fyrirtækja á viðkomandi mörkuðum veiktist auk þess sem möguleikar nýrra aðila til að komast inn á markaðina yrðu torveldari. Með hliðsjón af þessu mati áttu sér stað viðræður milli Samkeppniseftirlitsins og þeirra aðila sem að samrunanum stóðu sem lauk með sátt um skilyrði sem honum voru sett.

4.

Samruni 365 ljósvakamiðla og Saga film var lóðréttur samruni sem fól það í sér að saman runnu fyrirtæki sem starfa á mismunandi sölustigum. Sá samruni sem hér um ræðir á milli Saga film og Storm er hins vegar láréttur samruni, þar sem aðilar eru starfandi á sama sölustigi. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005 kemur fram það mat að framleiðsla á auglýsingum og dagskrárefni fyrir sjónvarp sé sá markaður sem Saga film starfar á og samlegðaráhrifa samrunans við 365 ljósvakamiðla muni fyrst og fremst gæta. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að þessi markaður vegur einnig þyngst í þessu máli en Storm hefur ásamt Saga film sinnt framleiðslu á auglýsingum og sjónvarpsefni. Auk þess mun samlegðaráhrifa einnig að nokkru gæta á nátengdum mörkuðum en félögin sinna einnig útleigu á tækjabúnaði, atburðastjórnun og þjónustu við erlenda kvikmyndagerðamenn.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins benda til þess að með kaupum Saga film á Storm hafi Saga film aukið hlutdeild sína á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar. Að þessu leyti hefur Saga film því styrkt enn frekar stöðu sína gagnvart helstu keppinautum sínum, stöðu sem þegar var mjög sterk. Auk hárrar markaðshlutdeildar Saga film er efnahagslegur og fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins mun meiri en annarra keppinauta. Með hliðsjón af þessum atriðum er það mat Samkeppniseftirlitsins að staða Saga film sé orðin það sterk á þeim mörkuðum sem mál þetta varðar sérstaklega að skilyrði séu til íhlutunar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

⁶ Sbr. umfjöllun í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2005, *Samruni Og fjarskipta hf., 365 ljósvakamiðla ehf. og 365 prentmiðla ehf.*



Eins og þegar hefur komið fram var samruna 365 ljósvakamiðla og Saga film sett ítarleg skilyrði vegna samruna fyrirtækjanna sem varð á seinni hluta árs 2005 í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005. Í skilyrðunum er m.a. kveðið á um fullan rekstrarlegan og stjórnunarlegan aðskilnað milli fyrirtækjanna. Þá eiga verð og viðskiptakjör Saga film að vera almenn, gagnsæ og hlutlæg þannig að aðilar sem eiga í sams konar viðskiptum við fyrirtækið skulu njóta sambærilegra viðskiptakjara. Einnig er 365 ljósvakamiðlum og Saga film óheimilt að gera og starfa samkvæmt samningum eða grípa til annarra ráðstafana sem ætlað er að tryggja að tiltekið hlutfall eða magn af innlendu dagskrárefni sem ljósvakamiðlar í eigu 365 ljósvakamiðla sýna sé keypt eða framleitt af Saga film. Þá er aðilum samrunans óheimilt að tvinna saman viðskipti um birtingu auglýsinga í fjölmiðlum 365 ljósvakamiðla annars vegar og framleiðslu eða önnur kaup á auglýsingarefni hjá Saga film hins vegar. Saga film er einnig óheimilt að synja um framleiðslu á dagskrárefni, auglýsingum eða leigu á tækjabúnaði nema ríkar málefnalegar ástæður séu forsenda sölusynjunarinnar. Ennfremur er Saga film óheimilt að útiloka með beinum eða óbeinum hætti ákveðna viðskiptavinum frá viðskiptum við fyrirtækið. Loks er 365 ljósvakamiðlum óheimilt að beita sér gagnvart Saga film þannig að samkeppnisstaða annarra viðskiptavina Saga film, s.s. RÚV eða Skjás eins veikist.

Samruni sem mál þetta tekur til felst í því að Saga film yfirtekur Storm. Fyrirtækið Saga film mun því starfa áfram og skilyrði þau sem sett voru í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005 munu eftir yfirtökuna gilda gagnvart fyrirtækinu og gagnvart eigendum þess. Samkeppniseftirlitið telur að þrátt fyrir að kaup Saga film á Storm styrki stöðu Saga film á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar sé ekki næg ástæða til að grípa til íhlutunar umfram þau skilyrði sem samruna Saga film og 365 ljósvakamiðla voru sett í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005. Samkeppniseftirlitið telur að þau skilyrði sem fólust í umræddri ákvörðun komi í veg fyrir samkeppnishömlur sem kunna að leiða af samruna Saga film og Storm. Í ljósi þeirrar samþjöppunar sem orðin er á þessum markaði mun Samkeppniseftirlitið hafa sérstakt eftirlit með því að fyrirmæli sem felast í umræddum skilyrðum séu virt að öllu leyti.

Til þess að tryggja að skilyrði þau sem sett voru í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005 gildi sérstaklega gagnvart Storm er mælt fyrir um það í ákvörðunarorði.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 9. október 2005, var gerður samningur milli Saga film hf. og hluthafa í Storm ehf. um kaup Saga film hf. á öllu hlutfé í Storm ehf. Samkeppniseftirlitið telur að samningurinn feli í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga er þeim fyrirmælum beint til Storms ehf. að fara að þeim skilyrðum sem beint er til Saga film hf. í ákvörðunarorði ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005. Fyrirmæli þau sem fram koma í ákvörðunarorði ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005 gilda



áfram gagnvart Saga film hf og 365 ljósvakamiðlum ehf. Í ljósi þessa er ekki ástæða til að hafast frekar að í þessu máli.”

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson